

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F2/2026

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
dómsmálaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Undanfarið hafa umboðsmanni borist ábendingar og kvartanir sem lúta að því að málshraða Útlendingastofnunar við meðferð tiltekinna mála sé áfátt. Er þar vísað til þess að tilteknir þættir í meðferð málanna, sem lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi með höndum, séu afar seinlegir. Samkvæmt svörum Útlendingastofnunar til umboðsmanns í tilefni kvartana eru þess dæmi að sakavottorð, hjúskaparvottorð og vegabréf hafi verið send í svonefnda áreiðanleikakönnun hjá lögreglustjóra sem hafi tekið marga mánuði.

Í tengslum við meðferð kvartana til umboðsmanns hefur Útlendingastofnun upplýst að biðtími eftir niðurstöðum svonefndrar skilríkjarannsóknaardeildar lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi lengst mjög síðustu misseri. Sá biðtími hafi bein áhrif á framgang mála hjá Útlendingastofnun. Þá hefur jafnframt komið fram af hálfu stofnunarinnar að biðtíminn sé óviðunandi og að í samráði við dómsmálaráðuneytið sé til skoðunar hvort aðrar leiðir til þess að kanna áreiðanleika gagna séu færar.

Með hliðsjón af framangreindu og í ljósi yfirstjórnar dómsmálaráðherra með bæði málefnum útlendinga og lögreglunnar er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið veiti umboðsmanni upplýsingar annars vegar um hve langan tíma áreiðanleikarannsóknir lögreglustjórans á Suðurnesjum í þágu meðferðar mála hjá Útlendingastofnun taki að meðaltali og hins vegar hvort ráðuneytið hafi gripið til aðgerða í tilefni af töfunum og, ef svo er, þá hvaða aðgerða. Í þessu samhengi eru einnig hafðar í huga niðurstöður þeirrar skoðunar ráðuneytisins og Útlendingastofnunar á öðrum leiðum til að kanna áreiðanleika gagna sem minnst er á hér að framan og hvort sú athugun hafi leitt til einhverra breytinga.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 13. mars nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis



Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT